6 Við þurfum að breyta valdaskipulaginu

Ég er sannfærð um að því fjölbreyttari hópur sem kemur að ákvörðunum, því betri verða þær.

10 Svartsýni hugans og bjartsýni viljans

Í verkalýðsbaráttunni sameinast allir tímar. Alveg einsog í skáldskapnum. Hefðir og nýjungar. Allt togast á en sameinast.

16 Jöfnuður er leið til hagsældar

Sterkar vísbendingar eru um að vaxandi ójöfnuður hafi neikvæð áhrif á pólitískan stöðugleika og hagvöxt.


1. tölublað · 64 árgangur · Vor 2015

# VINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



# Er ekki allt í sómanum á þínum vinnustað?

**Jafnlaunavottun VR** er tæki til að leiðrétta launamun kynjanna og er staðfesting á að greidd séu sömu laun fyrir sömu vinnu.

**Kynntu þér Jafnlaunavottun VR á vr.is.**

JAFNLAUNA-
VOTTUN VR

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

**Virðing**
**Réttlæti**

VR

## Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar forseta ASÍ

# Jöfnuður býr til betra samfélag!

Ég óska launafólki um allt land til hamingju með baráttudag verkalýðsins og hvet alla til þess að leggja baráttu okkar lið með þátttöku í þeim baráttufundum sem haldnir eru vítt og breitt um landið. Samhliða því sem við rifjum upp áræði og dug íslensks verkafólks, sem um árabil hefur háð harða baráttu fyrir betra samfélagi, er ljóst að launafólk stendur enn einu sinni frammi fyrir alvarlegri áskorun í baráttu sinni fyrir réttmætum launahækkunum.



Yfirskrift 1. maí í ár er *Jöfnuður býr til betra samfélag!* Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að sótt er að okkur og skipulega dregið úr jöfnuði hér á landi. Núverandi ríkisstjórn hefur verið grímulaus í því að létta byrðum af breiðu bökunum í þjóðfélaginu og flytja yfir á þá sem minna mega sín. Matarskatturinn var hækkaður, kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu aukinn og bótatími atvinnulausra styttur. Á sama tíma var eignarskattur á ríkasta fólkið í landinu aflagður og veiðigjöld á útgerðina stórlega lækkuð. Það er því engin vafi á að þetta er ríkisstjórn ríka fólksins sem hefur hunsað kröfur verkalýðshreyfingarinnar um aukin jöfnuð og réttlæti. En misskiptingin birtist víðar því ljóst er að bilið milli ríkra og fátækra er að breikka. Ákvarðanir um kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda fyrirtækja bera merki þess að þetta fólk hefur engan skilning á kjörum starfsmanna sinna. Hvernig geta menn farið fram með harkalega gagnrýni á kröfugerð launafólks um mannsæmandi laun á sama tíma og þeir leggja til tugprósenta hækkun á eigin kjörum? Vaxandi bil á milli ríkra og fátækra á okkar gjöfula landi er fullkomlega óásættanlegt. Ísland hefur upp á svo ótrúleg náttúrugæði að bjóða að það er hægur vandi að skipta afrakstrinum bróðurlega, til heilla fyrir alla. Ekki bara suma.

En afleiðingin er ekki bara aukin misskipting, því misskiptingin sjálf leiðir til vaxandi óánægju, grefur undan sáttinni og leiðir á endanum til átaka í samfélaginu. Ríkisstjórn sem vinnur gegn hagsmunum þorra fólks í landinu, en ekki með því, lendir í vandræðum. Svik stjórnvalda í Evrópumálunum er gott dæmi.

Íslenskur vinnumarkaður logar nú í illdeilum og fyrirsjáanleg eru mikil átök á næstu vikum. Það er alveg ljóst að þeir kjarasamningar sem ríki og sveitarfélög gerðu við kennara og háskólamenn í kjölfar kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og BSRB í fyrra vetur og síðan samningum ríkisins við lækna í byrjun þessa árs, hafa skapað mikla reiði meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ. Það á öllum að vera ljóst að það verður engin sátt um það að almennt launafólk axli eitt ábyrgð á forsendum gengis og verðstöðugleika á meðan aðrir taki sér launahækkanir svo tugum prósenta skipti. Krafan er því að kjör okkar fólks verði leiðrétt miðað við það sem á undan er gengið. Aðildarfélög ASÍ hafa löngum verið treg á að grípa til verkfallsvopnsins því samfélagslegur kostnaður verkfalla er mikill og því mikil ábyrgð sem fylgir notkun þess. Ég lít hins vegar þannig á að búið sé að stilla almennu launafólki upp við vegg. Við eigum engra annarra kosta völ en að grípa til verkfallsvopnsins. Ekki einungis hafa stjórnvöld misboðið launafólki með framgöngu sinni heldur er langlundargeð okkar gagnvart atvinnurekendum þrotið og ekki bætir úr skák þegar einu viðbrögð einstakra forystumanna stórfyrirtækja eru hroki og fyrirlitning.

En ég hef sagt það áður að við verðum líka að gera okkur grein fyrir því, að Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þess eru mjög vel skipulögð, miðstýrð og fjárhagslega sterk samtök. Það duga því engin vettlingatök í glímunni við þau. Þess vegna hef ég verið talsmaður þess að sameina afl aðildarfélaga og félagsmanna Alþýðusambandsins undir einum fána til þess að hámarka þrýstinginn á atvinnurekendur þegar í upphafi. Það er hins vegar ekki af léttum hug sem ég, forseti ASÍ, legg þetta til. Við skulum vera minnug þess að þegar allir taka á árinni verður álagið á hvern og einn minna, en sameinað afl okkar þeim mun meira. Þannig hefur verkalýðshreyfingin náð árangri, þannig höfum við breytt samfélaginu. Þannig getum við tryggt meiri jöfnuð sem aftur býr til betra samfélag!



VINNAN · 1. TÖLUBLAÐ · 64. ÁRGANGUR
**Ritstjóri:** Snorri Már Skúlason · **Ábyrgðarmaður:** Gylfi Arnbjörnsson
**Umbrot og hönnun:** Tómas Bolli Hafþórsson · **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja
**Forsíða:** Halldór Baldursson
**Ljósmyndir:** Lárus Karl Ingason og fleiri.

Drífa Snædal framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

# Við þurfum að breyta valdaskipulaginu



Þann 19. júní verður því fagnað að 100 ár eru liðin síðan íslenskar konur fengu kosningarétt. Baráttan hafði þá staðið yfir frá árinu 1885. Það voru konur 40 ára og eldri sem fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Þetta sérkennilega aldursákvæði var einsdæmi í heiminum en um 1915 gátu íslenskar konur vænst þess að ná 55 ára aldri. Kosningarétturinn var því í byrjun réttur „eldri“ kvenna. En sigurinn var stór og á hátíðarsamkomu sem haldin var á Austuvelli 7. júlí 1915 til að fagna tímamótunum var margt um manninn. Í Kvennablaðinu 16. júlí 2015 sagði m.a.:

„Samkoman var ein sú fjölmennasta sem sést hafði hér á landi, ef ekki sú fjölmennasta – og aldrei höfðu áður sést svo margar og jafn prúðbúnar konur. Smámeyjarnar héldu allar á íslenska fánanum, Austurvöllur var fánum skrýddur …“

En hvert erum við komin í jafnréttismálum 100 árum síðar? Drífa Snædal framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins hefur látið þennan málaflokk til sín taka.

## Það gerist ekkert sjálfkrafa

**Margt hefur áunnist en hvar þurfa íslenskar konur einkum að sækja fram?**
„Litið aftur um 100 ár þá hefur reynslan kennt að það gerist ekkert sjálfkrafa í jafnréttisbaráttunni. Fyrir 100 árum var kosningarétturinn það sem átti að færa okkur jafnrétti, síðan koma jafnréttislögin sem áttu að laga dæmið í eitt skipti fyrir öll. Síðar hét það samþætting jafnréttissjónarmiða inn í allar ákvarðanir, kynjuð fjárlög og svo framvegis. Til að ná jafnrétti þarf hins vegar að breyta menningunni sem segir okkur að karlar séu normið en konur frávikið á opinberum vettvangi. Það kippa sér fáir upp við það að karlar séu í meirihluta þar sem ákvarðanir eru teknar en um leið og konur ná þriðjungi sæta til dæmis í stjórnum fáum við fyrirsagnir um að konurnar séu að taka völdin. Það hefur hins vegar ekki gerst ennþá og er ekki markmiðið heldur. Konur þurfa því að sækja fram alls staðar og komast að stöðum þar sem ákvarðanirnar eru teknar. Ég er sannfærð um að því fjölbreyttari hópur sem kemur að ákvörðunum, því betri verða þær.“

## Uppeldið skiptir máli

**VR benti á það í vetur að konur vinna einn mánuð launalausan á ári samanborið við karla. Þú hefur rannsakað launamun kynjanna. Hvernig sérðu fyrir þér að hægt verði að vinna á honum?**
„Ég tel launamun kynjanna vera aðeins eina birtingamynd af kynjamisrétti. Aðrar birtingamyndir eru ofbeldi sem konur eru beittar og enn aðrar eru færri konur en karlar í stjórnunarstöðum. Ég held að það þurfi að vinna gegn þessu öllu jöfnum höndum. Á meðan stelpur eru aldar upp í að vera hlýðnar og samviskusamar en strákar aldir upp í að taka pláss og komast áfram þá þurfum við ekkert að vera hissa á að launamunur kynjanna viðhaldist.

Tökum annað dæmi: Konur sem verða fyrir kynbundnu áreiti á vinnustað eða hafa orðið fyrir ofbeldi á lífsleiðinni eru síður líklegar til að standa upp í hárinu á karlkyns forstjóra og heimta jöfn laun á við karla. Karlar sem kaupa sér konur eða nota klám eru sennilega síður líklegir til að líta á þær sem jafnoka karla á vinnumarkaðnum. Þannig spilar kynjamisréttið saman á ólíkum sviðum og þess vegna þarf að vinna gegn því alls staðar. Grunnvandamálið er misjöfn valdastaða karla og kvenna í samfélaginu ef litið er til heildarinnar. Að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og fyrir jafnri aðkomu karla og kvenna að áhrifum er líka barátta gegn launamuni kynjanna.
Ég held að næsta skref í jafnréttisbaráttunni sé einmitt að setja þessar birtingamyndir í samhengi og viðurkenna að þetta sé menningarbundið vandamál í stóra samhenginu þó birtingamyndirnar séu misjafnar. Starfsgreinasambandið mun til dæmis halda norræna ráðstefnu í byrjun júní um staðalmyndir og kynbundið áreiti á vinnumarkaðnum. Þessi vandamál, að konur og karlar velja sér hefðbundin kvenna og karlastörf ásamt áreiti sem konur verða fyrir í meiri mæli en karlar er eitthvað sem hefur bein áhrif í launaumslagið.“

## Það eru til sterk öfl sem vilja hagnast á misrétti

**Er jafnréttisbaráttan sóknarbaraátta eða þurfa konur einhverstaðar að verja áunninn rétt?**

„Þetta er stöðug varnarbarátta þeirra sem vilja kynjajafnrétti, bæði karla og kvenna, alveg eins og verkalýðsbaráttan er stöðug varnarbarátta. Það eru ávallt kraftar sem vilja og beinlínis hagnast á misskiptingu og misrétti. Styrkur jafnréttisbaráttunnar er hins vegar að vera lifandi og finna sér sífellt nýjan farveg. Í stóra samhenginu er staða kvenna í heiminum mikið áhyggjuefni. Það er til dæmis ekki tekinn sénsinn á því að uppfæra Pekingsáttmálann svokallaða sem samþykktur var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 1995 af ótta við bakslag. Það eru máttug öfl í heiminum sem vilja takmarka rétt kvenna til eigin líkama og þrengja að réttindum á annan hátt. Þannig að ætli svarið sé ekki bæði og. Þetta er varnar og sóknarbarátta.“

## Jafnrétti best fyrir alla

**Hver eru helstu verkefni verkalýðshreyfingarinnar í jafnréttismálum ef við undanskiljum baráttuna gegn launamun kynjanna?**

„Ég held að verkalýðshreyfingin myndi gera vel í því að líta á jafnréttisbaráttuna í stóra samhenginu og styrkja samstarf við frjáls félagasamtök og rannsóknarstofnanir á þessu sviði. Ég lít á þessa baráttu sem órofa hluta af baráttunni fyrir jöfnuði og velferð og sameinaðir kraftar á þessum vettvangi gagnast flestum vel. Eins og öll samtök í réttindabaráttu þarf verkalýðshreyfingin líka að líta inn á við. Er skipulag hreyfingarinnar að þjóna jöfnuði innandyra eða má eitthvað bæta þar? Ég er til dæmis gagnrýnin á þá nálgun að leggja ábyrgðina á herðar kvenna til að ná jafnrétti. Við getum haldið mörg hundruð sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur og sagt konum þúsund sinnum að krefjast hærri launa en það breytir ekki þeirri menningu sem við búum við. Markmiðið er ekki að laga konur að því valdaskipulagi sem fyrir er heldur að breyta því þannig að það þjóni öllum.
Ég er líka sannfærð um að jafnrétti sé best fyrir alla. Karlar græða líka á því og eiga í raun að vera konum mjög þakklátir fyrir baráttu síðustu 100 ára. Án hennar væru lífsgæði karla svo miklu lakari,“ segir Drífa Snædal.

> „Til að ná jafnrétti þarf hins vegar að breyta menningunni sem segir okkur að karlar séu normið en konur frávikið á opinberum vettvangi.“



**Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig**

*- Sterkari saman!*

*Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is*

EFLING

*- Stendur með þér*

Einar Már Guðmundsson rithöfundur rifjar upp kröfugöngur

# Svartsýni hugans og bjartsýni viljans



Nú vil ég biðja þá
sem í óskammfeilni sinni
gengu niður Laugaveginn
einhvern tíma
í nóvember árið 1932
að vera svo vingjarnlega að snúa við
og ganga hann upp.

Nóvember ´32. Hefði ég átt að hafa það fyrsta maí? Hvaða ár? Ég var orðinn hálfruglaður. Ég vissi ekki alveg í hvaða göngu ég átti að fara og heldur ekki hvenær hún var. Átti hún að vera í nútíð, þátíð eða framtíð? Nei, auðvitað skiptir það engu máli. Í verkalýðsbaráttunni sameinast allir tímar. Alveg einsog í skáldskapnum. Hefðir og nýjungar. Allt togast á en sameinast.

Þegar ég hugsa til baka, og hugsjónir æskuáranna skjóta upp kollinum, birtast mér kröfugöngur og það er fyrsti maí: Verkfalli nýlokið, mjólkurlaust í bænum, skólanum lokað af því að enginn var til að þrífa. Þetta er sjöundi áratugurinn; og undir krauma miklar breytingar. Kannski bylting. Á herðum hverra hvílir samfélagið?

## Maísólin

Nóvember ´32. Fyrsti maí. Það er sól, okkar einingarband. Samt man ég líka haglél, rigningu og vind sem keppir við fánana. En sólin er alltaf sterkust í minningunni sem betur fer. Maísólin hans. Okkar einingarband. Mér finnst ég hverfa aftur í enn eldri tíma þegar amma mín sem tilheyrði hvítasunnusöfnuðinum en kaus kommúnistaflokkinn sagði: „Fólk verður leiðinlegt ef það trúir ekki á neitt skemmtilegt.“ Sem minnir á svartsýni hugans og bjartsýni viljans. Að gefa þögninni mál og minna á hið gleymda.

Orðin hennar ömmu eru ágætis einkunnarorð. Fólk verður leiðinlegt ef það trúir ekki á neitt skemmtilegt. Einn sonur hennar lagði land undir fót og barðist með lýðveldishernum á Spáni. Hann hét Björn, kallaður Bjössi Spánarfari. Ég heyrði hann segja endalausar sögur við eldhúsborð bernskunnar og hann var ýmist að koma af verkfallsvakt eða fara á verkfallsvakt. Úti geisaði kalda stríðið og krakkarnir sögðu að frændi minn væri kommúnisti og við værum öll kommúnistar því að Þjóðviljinn með sínu stríðsletri datt inn um lúguna. Morgunblaðið kom að vísu líka en ég lærði að þekkja stafina af fyrirsögnum Þjóðviljans. Ég gekk upp stigann og inn í stofu þar sem Bjössi sat og sagði sögur. Ég spurði hann hvort þetta væri satt, að hann væri kommúnisti. Hann horfði á mig og sagði að það væri tvennt í stöðunni, annað hvort værir þú kommúnisti eða fífl. Ég man þetta nú löngu seinna en sagði þetta við krakkana því að við vorum einsog smækkuð mynd af heiminum, átökum hans og örlögum. Bjössi sagði líka að Jesús væri kommúnisti og að allir sem berðust fyrir réttlætinu væru með geislabaug einsog hann.

Nú vil ég biðja þá
sem í óskammfeilni sinni
gengu niður Laugaveginn
einhvern tíma
í nóvember árið 1932
að vera svo vingjarnlega að snúa við
og ganga hann upp.

Hvað er ég að pæla? Mig minnir að þessi orð hafi komið til mín þegar hægrimenn, postular nýfrjálshyggjunnar vildu í óða önn gerast skriftafeður fyrir aflóga sósíalista og allir sem höfðu góðan málstað áttu að biðjast afsökunar á axarsköftum fortíðarinnar, á úreltum þjóðfélagskerfum og múrum sem hrundu af því að í þeim ríkjum hafði öllu verið snúið á haus. En þau voru samt ekki skotmarkið, ekki múrarnir, ekki kerfið, og höfðu aldrei verið. Það hét friðsamleg sambúð.

## Ruglað í ríminu

Það voru ekki síst ávinningar réttindabaráttunnar, verkalýðsbaráttunnar, sem postularnir vildu herja á, velferðarkerfið sem baráttan hafði leitt af sér með menn einsog Bjössa Spánarfara í broddi fylkingar, já alla sem gengu upp og niður Laugaveginn bæði í nóvember og maí. Fyrsta maí mátti leggja niður, sögðu postularnir. Fyrst múrinn var hruninn. Kenningin var sú að verkalýðshreyfingin hefði með einum eða öðrum hætti átt sér bakhjarl í sósíalismanum og nú þegar hann væri horfinn þyrfti að endurskoða þessi mál öll frá grunni. Auðvitað tókst að rugla ýmsa í ríminu.

> " Orðin hennar ömmu eru ágætis einkunnarorð. Fólk verður leiðinlegt ef það trúir ekki á neitt skemmtilegt. Einn sonur hennar lagði land undir fót og barðist með lýðveldishernum á Spáni. Hann hét Björn, kallaður Bjössi Spánarfari. "

Hættið að hugsa um fortíðina, sögðu þeir. Sögunni er lokið, öll samstaða út í hött. Síðan hefur verið herjað á velferðarkerfið og engu eirt. Allt varð gamaldags sem ekki var hægt að veðsetja. Lágvöruverslanir áttu að koma í staðinn fyrir verkalýðshreyfinguna og auðmenn í jólasveinabúningum leysa opinbera þjónustu af hólmi. Herjað var á sameignir samfélagsins og þær kallaðar dautt fjármagn sem yrði að koma í umferð. Það endaði auðvitað með miklu umferðarslysi.

Ein versta afleiðing þessa var samstöðuleysið. Því þurfum við fyrsta maí og verkalýðshreyfingu sem lætur í sér heyra. Þess vegna segi ég við þá sem gengu niður Laugaveginn einhvern tíma í nóvember árið 1932, verið stolt af því. Eða með öðrum orðum: Fjölmennum á fyrsta maí þar sem sólin skín í minningunni og framtíðin birtist í löndum sem við eigum öll saman.




**Björn Snæbjörnsson**
formaður Starfsgreinasambandsins

# Fyrstu ASÍ félögin í verkfall

Í gær hófst verkfall hjá 10 þúsund félagsmönnum Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni. Þar með eru þeir fyrstu af 100 þúsund félagsmönnum Alþýðusambandsins komnir í verkfall og tugþúsundir gætu bæst við á næstu vikum ef mál skipast þannig. Akureyringurinn Björn Snæbjörnsson er formaður Starfsgreinasambands Íslands auk þess að gegna starfi formanns Einingar-Iðju á Eyjafjarðarsvæðinu.

**Er hugur í ykkar fólki nú við upphaf verkfallsátaka?**
„Já það er mikill hugur í fólki og það er réttlát reiði yfir því hvernig Samtök atvinnulífssins hafa komið fram við launafólk með því að bjóða því aðeins upp á 3,5% kauphækkun. Fólkið er alveg tilbúið að berjast fyrir sínu."

**Skynjar þú að það sé runninn upp uppgjörstími á vinnumarkaði?**
„Fólkið okkar lítur á þessa samninga sem prófraun á því að ná launahækkun sem telst mannsæmandi og jafnar launabilið sem er orðið alltof mikið. Einnig finnst fólki að þeir sem geta skammtað sér sjálfir launin séu orðnir hrokafullir gagnvart þeim sem eru á lægstu laununum. Slíkt viðhorf reitir menn til reiði."

**Félögin í Starfsgreinasambandinu eru dreifð um landið. Hvar og hvernig munu ykkar aðgerðir bíta mest?**
„Það er í ferðaþjónustinni, hjá fiskverkendum, í öðrum matvælaiðnaði, ræstingum, byggingariðnaði, hjá tækja- og vélamönnum og í ýmsum öðrum greinum."

**Eruð þið hörð á því að semja til þriggja ára með 300 þúsund króna lágmarkslaun sem markmið eða kemur skemmri samningur til greina?**
„Markmiðið er 300.000 kr. innan þriggja ára, en það getur orðið í áföngum. Við höfnum því ekki að gera styttri samninga, t.d. eitt ár eða eitt og hálft ár. En markmiðið er skýrt."

**Á Starfsgreinasambandið digra verkfallssjóði?**
„Félögin innan sambandsins eiga mjög mismunandi sjóði en menn munu halda út þó að verkföll dragist á langinn."

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR og Sigurður Bessason formaður Eflingar

# Reiðin kraumar í okkar fólki



**Óveðursskýin hrannast upp á vinnumarkaði og ljóst að komandi vikur geta orðið þær átakamestu hjá íslensku launafólki í marga áratugi. Friðurinn á vinnumarkaði var slitinn í sundur á síðasta ári eftir að ríki og sveitarfélög gerðu samninga um tug prósenta hækkanir til einstakra hópa eftir að obbinn af launafólki hafði skömmu áður fengið 2,8% hækkun. Varaforsetar ASÍ, Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR (30 þúsund félagsmenn) og Sigurður Bessason formaður Eflingar (22 þúsund félagsmenn), stýra tveimur langstærstu stéttarfélögum landsins.**

**Hvernig metið þið þá snúnu stöðu sem uppi er í kjaraviðræðunum?**
ÓBR: „Staðan er alvarleg og hún varð til við það rof sem varð þegar ríkið samdi við hæstlaunaða hópinn, þ.e. læknana og sveitarfélögin við kennara. Oddvitar stjórnarflokkanna virðast ekki átta sig á því hvað gerðist en það er alveg ljóst að okkar fólk ætlar ekki eitt að axla alla ábyrgð á stöðugleikanum þegar það horfir á hálauna hóp eins og lækna fá hækkanir á mánuði sem eru jafnvel meiri en mánaðarlaun sumra okkar félagsmanna. Þetta er ástæðan og klárt að menn hafa misreiknað stöðuna þegar þeir hófu þessa vegferð að hækka laun sumra um tugi prósenta en ætlast til að almennir launamenn sitji óbættir hjá garði," segir formaður VR.

SB: „Ég tek undir með Ólafíu. Við höfum talið í okkar kröfugerðum hjá Flóabandalaginu nauðsyn á launaleiðéttingum eftir að ríki og sveitarfélög tóku upp nýja launastefnu. Samskiptin við stjórnvöld hafa verið þannig að ég sé ekki fyrir mér aðkomu ríkisstjórnar að þessum samningum. Það er úr þeim takti sem hefur verið síðustu áratugi þegar stjórnvöld hafa komið að samningum með útspil sem liðka fyrir. Hækkun stjórnalauna í HB Granda um miðjan apríl voru svo olía á eld sem þegar var orðinn mikill. Sá gjörningur mun hafa mikil áhrif á samninga-viðræðurnar framundan og hefur í raun aukið líkur á verkföllum."

## Ríkisstjórninni er ekki treystandi

**Bæði þessi félög vilja semja um krónutöluhækkanir og bara til eins árs. Hvers vegna?**
ÓBR: „Kröfugerðin okkar byggir fyrst og síðast á leiðréttingu þar sem við erum að leggja fram svokallaða launaþróunar tryggingu. Þá erum við að verja lægstu hópana og svo fer launahækkunin stiglækkandi eftir því sem launin eru hærri. Við viljum bara semja til eins árs af því við treystum stjórnvöldum einfaldlega ekki. Við gerð síðasta kjarasamnings kom ríkisstjórnin að með yfirlýsingu um að lækka þjónustugjöld og fleira. Hún stóð ekki við sitt og það tók stjórnvöld 6 mánuði að draga hækkanir til baka á meðan mörg fyrirtæki brugðust strax við og tóku þátt í átaki með verkalýðshreyfingunni undir slagorðinu *Við hækkum ekki!* Þá er VR komið í málaferli við ríkisstjórnina vegna þeirra lágkúrulegu ákvörðunar í lok síðasta árs að stytta bótatímabil langtíma atvinnulausra. Þar var hoggið þar sem síst skyldi. Við höfum ekki sett kröfur á stjórnvöld af þessum sökum en ég er samt sem áður á þeirri skoðun að það þurfi þetta þríhliða samkomulag verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar til þess að ná hér sátt á vinnumarkaði. Til þess að það geti orðið verða stjórnvöld að ávinna sér traustið, þau verða að efna gefin loforð áður en við getum farið að ræða saman af einhverri alvöru."

SB: „ Síðasta haust ákváðum við að fara okkur hægt þannig að við sæjum hvernig fjárlagafrumvarpið myndi líta út fyrir þetta ár. Við óttuðumst að ríkisstjórnin myndi höggva í réttindakerfi launafólks sem kom svo á daginn. Það sem er mjög alvarlegt í þessu er að stjórnvöld eru að fara inn í þríhliða samkomulag og rjúfa þar sátt. Ríkisstjórnin þarf núna að stíga til baka og sýna með verkum að hún sé traustsins verð. Þessi staða sem við erum í núna gagnvart ríkisvaldinu er einsdæmi. Í allan þann tíma sem ég hef komið að kjaramálum og það er langur tími, þá hefur það aldrei gerst að ríkisstjórn sé algerlega utan við viðræðurnar af því að það er ekki leitað til hennar. Það skapar klárlega vanda. Að sjálfsögðu viljum við eiga samtal við ríkisstjórnina en til að það geti orðið þarf að byggja upp traust. Þetta er ástæðan fyrir því að verkalýðshreyfingin treystir sér ekki í lengri samninga en eitt ár."

## Samflot kemur til greina

**Það er ekki langt á milla krafna Flóans og VR ef litið er til hækkunar lægstu launa, kröfurnar eru 20% hækkun. Kemur samflot verlsunar-manna og Flóabandalagsins í komandi samningum til greina?**
ÓBR: „Það kemur allt til greina, en þetta hefur ekki verið rætt hjá okkur. Við höfum vísað okkar deilu til sáttasemjara og við skulum sjá hverning málin þróast. Ég verð þó að játa að ég tel líkur á verkföllum hafa aukist."

SB: „Ég tel samflot koma fyllilega til greina. Ekki bara með verslunar-mönnum heldur líka með þeim félögum okkar innan ASÍ sem eru með svipaða sýn á málin og við. Okkar vandi er sá að atvinnurekendur eru staddir í allt öðrum tölum en við. Þeir tala um 3-4% hækkun og það er vandi okkar í dag. Ég óttast hins vegar að tíminn sé að renna okkur úr greipum. Það mun ekki langur tími líða áður en hér logar allt í verkföllum."

> „Kröfugerðin okkar byggir fyrst og síðast á leiðréttingu þar sem við erum að leggja fram svokallaða launaþróunar tryggingu. Þá erum við að verja lægstu hópana og svo fer launahækkunin stiglækkandi eftir því sem launin eru hærri."



„Maí er klárlega mánuðurinn þar sem verkföllin hefjast en þegar út í verkfallsátök er komið er ómögulegt að segja hvar við endum."

**Talandi um verkföll erum við að horfa á maí sem átakamánuðinn eða geta verkföll dregist fram á sumar?**

**SB:** „Maí er klárlega mánuðurinn þar sem verkföllin hefjast en þegar út í verkfallsátök er komið er ómögulegt að segja hvar við endum. Við höfum haft þá sýn að það skipti máli að búa til stöðugleika í samfélaginu. Við erum enn þeirrar skoðunar að það skili miklu til okkar félagsmanna en það kemur ekki til greina að við sjáum um það ein að búa til stöðugleika fyrir aðra. Við viljum fá það sama út úr kjarasamningum og aðrar stéttir í þjóðfélaginu."

## Við höfum ekki lengur neitt val

**Flestir eru sammála því að það þurfi hressilega launaleiðréttingu í þessum samningum en hvað gerist svo? Hvernig fara menn út úr leiðréttingafasanum með háum launahækkunum og inn í stöðugleikafasa með mun minni kauphækkunum?**

**SB:** „Ég tel að okkar vandi snúi ekki bara að SA eða því hvar þeir eru staddir. Hann snýr ekki síður að okkur sem verkalýðshreyfingu. Við náum ekki að tala nógu vel saman í dag og erum með nokkuð ólíkar kröfur uppi. Eitt af því sem ég tel nauðsynlegt er að taka umræðuna um einmitt þessa spurningu; hvað svo? Nú gæti nefnilega farið í gang ferill þar sem kjarasamningar til margra ára verða í uppnámi. Það mun gerast ef við náum ekki ásættanlegri niðurstöðu núna en náum um leið að ræða hvernig við viljum sjá framtíðina á þessu sviði kjaramála. Ég vil sjá okkur fara inn á norrænu leiðina þar sem kaupmáttur er byggður upp hægt en örugglega í lágri verðbólgu og meiri jöfnuður ríkir."

**ÓBR:** „Ég tek undir þetta hjá Sigurði. Öll aðildarsamtök ASÍ fóru inn á þessa norrænu leið í síðasta kjarasamningi þar sem markmiðið var lág verðbólga þar sem kaupmáttur er aukinn í hægum en öruggum skrefum. Það dylst engum að þegar verið er að semja um tugprósenta launahækkanir þá fer slíkt á endanum út í verðlag og verðbólga eykst. Það er ekki staða sem við viljum festast í en við erum einfaldlega komin í þá aðstöðu núna að eiga engra kosta völ. Við völdum ekki þessa leið. Við völdum stöðugleikann í fyrra. Það voru aðrir sem vörðuðu þá leið sem vinnumarkaðurinn allur er að feta núna og þar bera ríki og sveitarfélög alla ábyrgð. Við höfum ekki lengur neitt val."

**Finnið þið baráttuanda hjá ykkar félagsmönnum? Eru allir að toga í sömu átt?**

**ÓBR:** „Það var ljóst á fundi í trúnaðarráði VR fyrir nokkrum dögum að menn verða bara reiðari eftir því sem þessum málum vindur fram, ekki síst eftir ótrúlegan gjörning stjórnar HB Granda. Við gerðum samninga í árslok 2013 sem tryggðu lága verðbólgu en mínir félagsmenn eru ekki tilbúnir til að axla lengur ábyrgð á stöðugleikanum. Enda er það fullkomlega ósanngjarnt. Við viljum réttlæti."

Grímur Atlason tónleikahaldari

# Merkilegrar sögu minnst með söng og leik

## – ASÍ 100 ára 2016



Grímur Atlason er einn reyndasti skipuleggjandi tónleika á Íslandi, en hann hefur flutt inn erlendar stórstjörnur og sett upp tónleika á Íslandi síðan 1987. Undanfarin ár hefur Grímur verið potturinn og pannan í skipulagningu Iceland Airwaves sem er stærsta og þekktasta tónlistarhátíð landsins. Vegna reynslu og þekkingar Gríms og tengsla hans við verkalýðshreyfinguna lá beint við að ASÍ leitaði til hans þegar farið var að huga að hátíðarhöldum vegna 100 ára afmælis Alþýðusambandsins sem haldið verður með pompi og pragt 12. mars 2016.

Grímur segist hafa alist upp hjá ömmu sinni sem var verkakona, sjómaður og húsmóðir – allt á sama tíma. „Hún þurfti að hafa fyrir hlutunum til þess að koma m.a. mér til manns. Þetta var í raunni sturlað líf og óskiljanlegt að samfélagið leggi slíkar byrgðar á þegnana til þess að geta lifað næsta fábrotnu lífi án bruðls eða íburðar. Þessi reynsla mótaði mig og gerði mig nokkuð róttækan í hugsun. Síðan var pabbi minn primus mótor í Lúðrasveit Verkalýðsins í mörg ár og drakk ég í mig Roðann í Austri og Nallann frá barnsaldri."

### Hvert er þitt hlutverk í afmælis undirbúningnum?

„Mér er í raun falið að skipuleggja viðburði á afmælisdaginn sjálfan sem er 12. mars í samráði við afmælisnefnd ASÍ. Það er að mörgu að hyggja enda ekki á hverju ári sem ASÍ verður 100 ára. Ég sé um það sem snýr að tónlist og jafnvel uppákomum leikhópa. Menn eru metnaðarfullir og langar að minnast mikilvægis verkalýsðhreyfingarinnar við mótun íslensks samfélags á skemmtilegan og spennandi máta. Jafn viðamikinn og vonandi glæsilegan viðburð þarf að skipuleggja og ég er ánægður með að vera treyst fyrir þessu verkefni og legg metnað minn í að gera þetta sem best."

### Máttu upplýsa hvað stendur til?

„Já ég get sagt frá því í mjög grófum dráttum en það eru enn 10 mánuðir til stefnu og margt því enn óljóst. Við ætlum að bjóða landsmönnum til veislu í Hörpu, Hofi og víðar um land þar sem tilgangurinn er að gleðjast saman og fagna merkri sögu hreyfingarinnar. Við ætlum að bjóða upp á marga af helstu listamönnum þjóðarinnar í bland við unga og ferska. Dagskráin á að vera fyrir okkur öll. Allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi."

### Hvers vegna?

„Hvers vegna eigum við lífeyrisréttindi? Hvers vegna fáum við 5 vikur í sumarfrí eða veikindadaga og möguleika á að sinna veikum börnum? Á síðustu 100 árum hefur verkalýðshreyfingin barist fyrir réttindum launafólks og náð fram gríðarlegum réttindabótum þeim til handa. Þessari sögu er mikilvægt að halda til haga og kannski hefur það aldrei verið mikilvægara en einmitt nú þegar hlutirnir þykja sjálfsagðir og þátttaka í félagsstarfi fer dalandi. Viðburður sem þessi getur aukið skilning á þessari sögu og því hlutverki sem verkalýðsbarátta nútímans hefur að gegna," segir Grímur Atlason.

## Kristín Guðnadóttir forstöðumaður Listasafns ASÍ

# Listin fegrar líf hins vinnandi manns



Listasafn ASÍ var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu afar veglegt listaverkasafn sitt. Í rúma hálfa öld hefur Alþýðusamband Íslands fóstrað safnið sem hefur vaxið og dafnað. Til viðbótar við gjöf Ragnars hefur safnið tekið við fjölda veglegra gjafa og auk þess sem verk hafa verið keypt. Annar meginþátturinn í starfsemi Listasafns ASÍ er hefðbundið safnastarf þ.e.a.s. skráning, varðveisla, viðhald og rannsóknir á safneigninni. Verk safnsins hafa flest verið ljósmynduð og eru skráð í menningarsögulega gagnasafnið Sarp sem er aðgengilegt á netinu. Hinn meginþátturinn er listsýningar, en árlega eru haldnar 10-12 sýningar í þremur sýningarrýmum safnsins. Kristín G. Guðnadóttir hefur frá 1. maí 1997 verið forstöðumaður Listasafns ASÍ. Hún er cand.phil. í listasögu frá Háskólanum í Árósum og hefur fengist við rannsóknir á íslenskri myndlist á tuttugustu öld og m.a. skrifað bækur um listmálarana Jóhannes S. Kjarval og Svavar Guðnason.

### Allir eiga að fá að njóta listar

**En af hverju valdi Ragnar í Smára ASÍ þegar hann gaf listaverkasafn sitt?**

„Ragnar taldi sig vera alþýðumann og hafði alist upp með listamönnum og erfiðismönnum. Því vildi hann að vinir sínir, það er að segja íslensk alþýða, eignaðist listaverkasafn hans. Hann sá fyrir sér alþýðulistasafn sem væri sjálfstæð stofnun og hefði það að leiðarljósi að mennta almenning í málaralist. Það var ósk hans að allir gætu notið myndlistar, því listir hefðu jákvæð og uppbyggileg áhrif á alla, enginn mætti verða útundan.“

**Var þetta bjarnargreiði við verkalýðshreyfinguna að fá henni þetta verkefni?**

„Nei, þvert á móti. Safnið er mikilvæg viðbót við aðra starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og safnið sem slíkt hefur löngu sannað mikilvægi sitt. Þegar Hannibal Valdimarsson tók við gjöf Ragnars 1961 sagði hann: „Þessi dýrmæta gjöf skyldi hvern dag minna oss á, að maðurinn lifir ekki af brauði einu saman - Að barátta verkalýðssamtakanna beinist ekki einungis að bættum efnahag hins vinnandi manns, - heldur engu að síður að hinu: að fegra líf hans.“

### Eftirsótt að fá að sýna í safninu

**Hefur Listasafn ASÍ sérstöðu meðal listasafna landsins?**

„Sérstaða safnsins felst m.a. í því, að listamenn eiga þess kost að sækja um að sýna í safninu og sjá sjálfir að mestu leyti um gerð sýninga sinna. Listasafn ASÍ er eina listasafnið sem hefur þennan háttinn á en önnur söfn velja sjálf og hafa frumkvæði varðandi hvaða



Þórarinn B. Þorláksson (1867-1924) Frá Snæfellsnesi, 1906. Olía á léreft. Úr stofngjöf Ragnars Jónssonar 1961.



Sigrid Valtingojer (1935-2013) Snerting 1, 1999. Trérista. Úr dánargjöf listamannsins til Listasafns ASÍ 2013.

listamenn fá að sýna og í hvaða samhengi. Það er mjög eftirsótt að sýna í safninu og árlega berast um 80 umsóknir en 10-12 sýningar eru haldnar í safninu á ári hverju. Listráð safnsins velur sýnendur með gæði og fjölbreytni að leiðarljósi. Þessi aðferð til að velja sýnendur hefur virkað vel og margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar hafa sóst eftir því að sýna í safninu. Gæði sýninganna, viðtökur þeirra og umfjöllun um þær hefur yfirleitt verið með miklum ágætum."

**Safnahúsið er sérstakt, hver er saga þess?**
„Myndhöggvararnir Ásmundur Sveinsson og Gunnfríður Jónsdóttir byggðu Ásmundarsal í samvinnu við Sigurð Guðmundsson, arkitekt og fluttu inn 1934. Húsið var glæsilegt og nútímalegt fúnkishús, eitt hið fyrsta þessarar gerðar sem byggt var í Reykjavík. Norðanmegin í húsinu var vinnustofa Ásmundar í háum og björtum sal með stórum þakgluggum. Sunnan megin í húsinu var íbúð þeirra hjóna á tveimur hæðum auk vinnustofu Gunnfríðar. Eftir skilnað þeirra varð fyrrum vinnustofa Ásmundar einn besti listsýningarsalur Reykjavíkur fyrir myndlist og hefur sem slíkur verið í notkun frá árinu 1948 með nokkrum hléum. Húsið hefur í tímans rás haft mörg hlutverk sem öll tengjast skapandi listmenningu. Þar hafa verið vinnustofur myndlistarmanna, Myndlistarskóli Reykjavíkur var þar lengi til húsa og Myndhöggvarafélagið var stofnað þar. Arkitektafélags Íslands átti síðan húsið um árabil. Frá árinu 1997 hefur Ásmundarsalur verið aðsetur Listasafns Alþýðusambands Íslands en með kaupum safnsins á húsinu var því forðað frá því að verða gert að barnaheimili og áframhaldandi hlutverk þess í menningarsögu borgarinnar tryggt."

## Listin færð út á vinnustaðina

**Ósk Ragnars í Smára var sú að stofnað yrði listasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu. Hvernig gerið þið það?**
„Annars vegar með því að halda úti öflugri sýningastarfsemi í safninu sem er öllum opið og aðgangur er ókeypis. Hins vegar með gerð svokallaðra vinnustaðasýninga en allt frá stofnun safnsins hefur verið lögð áhersla á að fara með listina út til fólksins. Sýningar á verkum í eigu safnsins eru á fjölda vinnustaða, þannig að þeir sem ekki sækja sýningar safnsins að staðaldri eiga þess kost að fá listina inn á sinn vinnustað."

> " Hann sá fyrir sér alþýðulistasafn sem væri sjálfstæð stofnun og hefði það að leiðarljósi að mennta almenning í málaralist. Það var ósk hans að allir gætu notið myndlistar ... "

**Eiga lítil listasöfn eins og þetta framtíð fyrir sér á tímum tækni og ótrúlega hraðra samfélagsbreytinga?**
„Einmitt á tímum hraða og tækni er listasafnið mikilvægt sem sá staður, þar sem hægt er að nálgast og upplifa hinn raunverulega listhlut. Stundum getur safnið virkað sem vin þar sem kyrrð ríkir og hægt er að skynja anda verkanna og efniskennd þeirra. Stafræn miðlun kemur ekki í staðinn fyrir það að upplifa listaverk í návígi og í rýmislegu samhengi. Það er eðli listarinnar að vera með fingurinn á púlsinum og túlka þær breytingar sem samfélagið á hverjum tíma gengur í gegnum. Með því að sýna nýja og framsækna samtímalist höfum við tekið þátt í að miðla og túlka þær breytingar sem samfélagið gengur í gegnum núna. Það hafa aldrei verið starfandi fleiri listamenn á Íslandi og salir Listasafns ASÍ eru meðal þeirra eftirsóttustu í Reykjavík. Listaverkaeign safnsins er einnig stórbrotin og á eftir að vera hluti af sögunni um ókomna tíð, svo við erum afar vongóð um að framtíð safnsins sér björt," segir Kristín Guðnadóttir.

1. maí 2015

# Jöfnuður býr til betra samfélag!







Það er löngu þekkt að norræna samfélagsgerðin hefur betur náð að sameina jöfnuð og samkeppnishæfni en þekkist meðal annarra þjóða. Með því að tengja saman skýra og ábyrga hagstjórn, umfangsmikið og traust velferðarkerfi og skipulagðan vinnumarkað með öflugum samtökum launafólks og atvinnurekenda með skýrt umboð hafa Norðurlöndin skapað þegnum sínum lífsgæði sem skipar þeim í fremstu röð. Þar sem hugtök eins og hagvöxtur, réttur til vinnu, félagslegt öryggi og velferð og jöfnuður eru ekki bara slagorð sem hampað er á tyllidögum heldur þau viðmið sem notuð eru til að meta hvernig til hefur tekist og jafnframt forsendur þess að árangur náist.

Rannsóknir í hagfræði og samfélagsvísindum sýna að þeim samfélögum vegnar best þar sem jöfnuður er mikill. Þar er meðalævi fólks lengri, heilsufar og félagsleg líðan umtalsvert betri en þar sem ójöfnuður er mikill. Fyrir utan hvað mannlífið allt verður fallegra þar sem flestir búa við mannsæmandi kjör. Það græða því allir á auknum jöfnuði og það bókstaflega því kenningar sýna að aukinn jöfnuður stuðlar að meiri hagvexti.

Þegar litið er til 20. aldar sést að verulega dró úr ójöfnuði í Bandaríkjunum í kjölfar kreppunnar miklu og síðari heimsstyrjaldarinnar og var ójöfnuður í lágmarki í Bandaríkjunum í þrjá áratugi þar á eftir. Á því tímabili fór velmegun vaxandi og lífskjör allra þjóðfélagshópa bötnuðu. Viðsnúningurinn varð í upphafi 9. áratugarins í forsetatíð Ronald Reagan. Síðan þá hefur ójöfnuður farið vaxandi á Vesturlöndum.

En hvert stefnum við Íslendingar? Við höfum hingað til búið í samfélagi þar sem jöfnuður hefur verið mikill. En það eru blikur á lofti. Ríkisstjórnin hefur í sínum aðgerðum létt byrðum af ríkasta fólkinu á meðan matarskattur er hækkaður, kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu er aukinn og bótatími atvinnulausra er styttur. Þegar laun á Íslandi eru borin saman við laun á Norðurlöndunum kemur í ljós að munur á dagvinnulaunum er mun minni meðal tekjuhærri hópanna en þeirra tekjulægri.







Þannig eru dagvinnulaun stjórnenda á Íslandi 5% hærri að meðaltali en á hinum Norðurlöndunum að teknu tilliti til skatta. Mestur munur á dagvinnulaunum er hins vegar gagnvart verkafólki og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki. Hér á landi eru dagvinnulaun verkafólks allt að 30% lægri en að meðaltali á hinum Norðurlöndunum. Þetta sýnir þróun í átt að auknum ójöfnuði sem nauðsynlegt er að stöðva.

Það er grundvallaratriði að fólk lifi af dagvinnulaunum í stað þess að ganga sér til húðar í yfirvinnu og/eða aukavinnu til að framfleyta sér og sínum. Langur vinnudagur og mikið álag dregur úr framleiðni og eykur samfélagslegan kostnað. Þess vegna er nauðsynlegt að hækka lág- og meðallaun ríflega í komandi kjarasamningum. Vinnum sameiginlega að því að bæta kjörin því jöfnuður býr til betra samfélag fyrir okkur öll.

Til hamingju með 1. maí 2015



Ólafur Darri Andrason yfirmaður hagdeildar ASÍ

# Jöfnuður er leið til hagsældar

Því er oft haldið fram að jöfnuður og verðmætasköpun fari ekki vel saman. Er þá jafnan vísað til þess að drifkraftur aukinnar verðmætasköpunar sé framtak og dugnaður einstaklingsins. Best sé að hver og einn geti farið sínu fram án þess að verið sé að íþyngja viðkomandi með boðum og bönnum og að skattheimtu skuli haldið í lágmarki. Þá eigi samfélagið ekki að niðurgreiða þjónustu s.s. heilbrigðisþjónustu þar sem heppilegra sé að einstaklingar ráðstafi fjármunum sínum sjálfir í kaup á slíkri þjónustu án afskipta hins opinbera. Markaðslögmálin tryggi þá að ekki sé keypt meiri þjónusta en heppilegast sé út frá hagsmunum heildarinnar. Slík umgjörð skili samfélaginu hámarks afrakstri. Aðgerðir til tekjujöfnunar trufli gangverk hagkerfisins og velferðarþjónusta leiði til sóunar.

## Fallegra samfélag

Þessi sýn hefur oft verið gagnrýnd með siðferðilegum rökum. Að mikill ójöfnuður leiði til samfélags sem við viljum ekki búa í. Samfélags þar sem sífellt fleiri lenda utanveltu, líði skort, eigi erfitt með að láta enda ná saman, geti ekki stutt börnin sín til þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi og hafi takmarkaðan aðgang að menntun- og heilbrigðisþjónustu eða jafnvel enga aðkomu að slíkri þjónustu. Einn angi af þessari umræðu er að þó að jöfnuður sé æskilegur út frá siðferðilegum forsendum þá sé jöfnuður helst lúxus fyrir rík samfélög sem hafi efni á að borga fyrir hann með minni verðmætasköpun.

## Ójöfnuður leiðir til pólitísks óstöðugleika

En eru jöfnuður og velferð lúxus eða eru þetta tæki sem beinlínis geta ýtt undir aukna verðmætasköpun? Sterkar vísbendingar eru um að vaxandi ójöfnuður hafi neikvæð áhrif á pólitískan stöðugleika, félagslegan hreyfanleika þ.e. möguleika einstaklinga til þess að færast milli tekjuhópa, og að ójöfnuður hafi neikvæð áhrif á hagvöxt. Á þetta hefur verið bent í nýlegum skýrslum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og OECD. Niðurstöður beggja stofnanna benda til þess að vaxandi ójöfnuður sé ekki bara pólitískt mál heldur hafi einnig áhrif á hagvöxt og þar með á lífskjör til framtíðar. Þannig hefur Christina Lagarde, forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins bent á að öfugt við það sem oft er haldið fram þá hamla tilfærslur til tekjujöfnunar ekki hagvexti.

## Stór hluti íbúa fær ekki að njóta sín

Ójöfnuður er því ekki aðeins siðferðilegt viðfangsefni heldur einnig hagfræðilegt. En hvers vegna er það svo? Jú í samfélögum þar sem mikill ójöfnuður ríkir og velferðarþjónusta er lítil þá leiðir það til þess að stór hluti þegnanna fær ekki notið sín að fullu þar sem þeir hafa takmarkaðan eða engan aðgang að þjónustu á borð við menntun og heilbrigðisþjónustu. Afleiðingin verður sú að menntunarstig verður lægra en ella. Takmörkun á aðgengi að heilbrigðisþjónustu leiðir til verra heilsufars. Takmörkun á leikskólum og dagvistarúrræðum fyrir börn leiðir til þess að möguleikar fólks á barneignaraldri til þátttöku á vinnumarkaði skerðast. Allt leiðir þetta til sóunar þar sem þeir sem eru starfandi á vinnumarkaði í slíkum samfélögum verða færri en í samfélögum sem byggja á jöfnuði og velferð og starfskraftar þeirra sem eru á vinnumarkaði nýtast ekki sem skyldi m.a. vegna skorts á menntun.

## Ójöfnuður vex

En hvers vegna eru aðilar eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og OECD að benda á þetta núna? Jú vegna þess að ójöfnuður er víða að vaxa. Þeir ríkustu eru sífellt að verða ríkari og aðrir dragast aftur úr. Christina Lagarde, hefur meðal annars varað við þessari þróun. Hún hefur bent á að þegar tekjudreifing er skoðuð kemur í ljós að tekjur ríkasta 1% hafa vaxið umfram hin 99% í 24 af þeim 26 löndum sem sjóðurinn hefur yfirsýn yfir. Jafnframt hefur hún bent á að tekjur 85 ríkustu einstaklinga í veröldinni jafngildi samanlögðum tekjum tekjulægri helmings mannkyns! Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna hefur lýst yfir sömu áhyggjum og bent á að síðustu áratugir hafi einkennst af vaxandi auði hinna ríkustu á meðan lífskjör meirihlutans hefur staðið í stað.

Þegar rýnt er í tölurnar frá Bandaríkjunum kemur í ljós að frá miðjum áttunda áratugnum til 2007 hirtu 1% tekjuhæstu Bandaríkjamennirnir tæplega 50% af þeim tekjuauka sem varð til í landinu á þessu árabili. Næstu 9% í tekjuskalanum tóku til sín ríflega 30% af tekjuaukanum sem skildi þau 90% sem þá voru eftir á tekjuskalanum eftir með tæp 20% af tekjuaukningunni á 30 ára tímabili. Ójöfnuður hefur því vaxið gríðarlega í Bandaríkjunum.

## Jöfnuður skilar verðmætum

Norðurlöndin hafa byggt upp samfélög þar sem áhersla er lögð á markaðshagkerfi, jöfnuð, félagslegt öryggi og mikla atvinnuþátttöku til að tryggja hagvöxt. Þessar áherslur hafa skilað Norðurlöndunum í fremstu röð. Heildarverðmætasköpun landanna mæld í landsframleiðslu á hvern íbúa er mikil í alþjóðlegum samanburði. Samkvæmt gögnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru Norðurlöndin í öðru til sextánda sæti hvað varðar landsframleiðslu á hvern íbúa af 183 löndum sem sjóðurinn skoðaði. Verðmætasköpun á Norðurlöndunum er með því mesta sem gerist í heiminum en þau hafa einnig þá sérstöðu að jöfnuður er mikill í samanburði við önnur OECD ríki án þess að það hafi orðið til þess að draga úr hagvexti eða lífskjörum. Þá hefur jöfnuður og öflug velferðarkerfi tryggt að félagslegur hreyfanleiki er mikill.

## Mikilvægt að auka jöfnuð

Angel Gurría framkvæmdastjóri OECD hefur sagt að ef ekki verður gripið til samræmdra pólitískra aðgerða sé líklegt að bilið milli ríkra og fátækra muni vaxa enn frekar á komandi árum. Þess vegna sé mikilvægt að tryggja að þeir tekjuhæstu leggi meira af mörkum. Baráttan fyrir auknum jöfnuði er því mikilvæg sem aldrei fyrr. Liðsstyrkur stofnanna eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, OECD og Seðlabanka Bandaríkjanna sem hingað til hafa verið taldar íhaldssamar segir mikið um hversu brýnt málið er. Við getum svo velt fyrir okkur á hvað leið Ísland er þegar kemur að samfélagslegum jöfnuði.

# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

- AFL Starfsgreinafélag – Til góðra verka
- Akureyri – Öll lífsins gæði
- ALCOA
- ALDAN stéttarfélag
- BÁRAN stéttarfélag – Stofnað 21. júní 2002
- BÍLJÖFUR
- BRAMMER – www.brammer.is
- BRIM SEAFOOD
- BFS Brú – Félag stjórnenda
- BYGGIÐN – Félag byggingamanna
- BYKO – Búðu betur. Borgaðu minna.
- EINING-IÐJA
- Eirberg
- Elkem Ísland
- Faxaflóahafnir sf – Associated Icelandic Ports
- Félag atvinnurekenda
- félag bókagerðarmanna
- FIT – Félag iðn- og tæknigreina – www.fit.is
- FVSA
- Fjallabyggð
- FFÍ
- Flúða sveppir
- GILDI
- Gæða – Stofnað 1968
- Hafnarfjörður
- Háskólinn á Bifröst – Bifröst University
- HB GRANDI
- Heimsferðir
- HÉÐINN
- das – Hrafnista
- IÐAN fræðslusetur
- IGS Ground Services
- ÍSLOFT
- JÁVERK
- KR
- KS
- Kennarasamband Íslands
- KJARAN – Gólfefni og skrifstofuhúsgögn
- Landssamtök lífeyrissjóða
- Landsvirkjun
- LA Launafl
- LÝSI
- Lýsing
- LÖNDUN EHF.
- MATVÍS
- Mosfellsbakarí
- NEYTENDASTOFA
- Norðurorka – Vatnsveita · Rafveita · Hitaveita · Fráveita
- NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
- Póstdreifing
- pwc
- PROMENS
- RAFIÐNAÐARSKÓLINN
- RAFTÁKN VERKFRÆÐISTOFA
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Samfylkingin
- Samiðn
- samskip
- SAM – Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði
- SSF
- Set ehf • Röraverksmiðja
- SFR – Stéttarfélag í almannaþjónustu
- SVN
- Sjómanna & vélstjórafélag – Hafnargötu 9, 240 Grindavík
- Sjómannasamband Íslands
- Staki
- Starfsgreinasamband Íslands
- STEINULL HF
- Stéttarfélag Vesturlands – Sæunnargötu 2a | 310 Borgarnes
- Stéttarfélagið Samstaða
- Tapas barinn
- Jómfrúin – Restaurant – Ekta dansk smørrebrød
- Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
- Verkalýðsfélag Akraness
- VS Verkalýðsfélag Snæfellinga
- Vlf Suðurlands
- VERK VEST
- Hlíf – Stofnað 1907
- Verkstjórasamband Íslands
- Verslunarmannafélag Suðurlands
- Verslunarmannafélag Suðurnesja
- VÉLVÍK – www.velvik.is
- Vinnumálastofnun
- VÍSIR
- VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna
- VÖRÐUR – Félag stjórnenda á Suðurlandi
- BS Verktakar ehf.
- ÞORBJÖRN – Hafnargötu 12 · 240 Grindavík
- ÖBÍ

# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

**Reykjavík**
**Auglýsingastofan ENNEMM**
Brautarholti 10
**Blaðamannafélag Íslands**
Síðumúla 23
**Byggingafél. Gylfa og Gunnars ehf.**
Borgartúni 31
**Danica sjávarafurðir ehf.**
Suðurgötu 10
**Eignamiðlunin ehf.**
Grensásvegi 11
**Ernst & Young ehf.**
Borgartúni 30
**Fastus ehf.**
Síðumúla 16
**Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna**
Brautarholti 30
**Flügger ehf.**
Stórhöfða 44
**Gjögur hf.**
Kringlunni 7
**Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili**
Hringbraut 50
**Guðmundur Jónasson ehf.**
Borgartúni 34
**Halldór Jónsson ehf.**
Skútuvogi 11
**Hjúkrunarheimilið Skjól**
Kleppsvegi 64
**Hópferðabílar Snælands Grímssonar ehf.**
Langholtsvegi 115
**Iðnmennt ses.**
Brautaholti 8
**Ísfrost ehf.**
Funahöfða 7
**Lagnalagerinn ehf.**
Fosshálsi 27
**Landsnet hf.**
Gylfaflöt 9
**Lyfjaver ehf.**
Suðurlandsbraut 22
**Matthías ehf.**
Vesturfold 40
**Mjólkurfræðingafélag Íslands**
Stórhöfða 31
**Neytendasamtökin**
Hverfisgötu 105
**Nói-Síríus hf.**
Hesthálsi 2-4
**Nýi ökuskólinn ehf.**
Klettagörðum 11
**Póstmannafélag Íslands**
Grettisgötu 89
**Reykjavíkurborg**
Ráðhúsinu
**Slökkvilið höfuðborgarsv. bs.**
Skógarhlíð 14
**SM kvótaþing ehf.**
Skipholti 50d
**Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar**
Fjarðarási 25
**Varma.is**
Ármúla 31
**Verslunin Brynja ehf.**
Laugavegi 29
**Vélar og skip ehf.**
Hólmaslóð 4

**Kópavogur**
**Á. Guðmundsson ehf.**
Bæjarlind 8-10
**Flugfélagið Atlanta hf.**
Hlíðasmára 3
**Íslandsspil sf.**
Smiðjuvegi 11a
**Karl K. Karlsson ehf.**
Nýbýlavegi 4
**Kópavogsbær**
Fannborg 2
**Lyfjaval ehf.**
Hlíðasmára 2
**Pottagaldrar ehf.**
Laufbrekku 18
**Sælgætisgerðin Freyja ehf.**
Vesturvör 36

**Garðabær**
**Garðabær**
Garðatorgi 7
**Loftorka ehf.**
Miðhrauni 10
**Stálsmiðjan-Framtak ehf.**
Vesturhrauni 1

**Hafnarfjörður**
**Félag bryta**
Erluási 78
**Hafnarfjarðarhöfn**
Óseyrarbraut 4
**Héðinn Schindler lyftur hf.**
Gjótuhrauni 4
**Hlaðbær-Colas hf.**
Gullhellu 1
**Hópbílar hf.**
Melabraut 18
**Hvalur hf.**
Reykjavíkurvegi 48
**Rafrún ehf.**
Gjótuhrauni 8
**Spennubreytar**
Trönuhrauni 5
**Trésmiðjan okkar ehf.**
Lyngbergi 19a
**Útvík hf.**
Eyrartröð 7-9
**Vélsmiðjan Altak ehf.**
Drangahrauni 1
**Víking björgunarbúnaður**
Íshellu 7

**Reykjanesbær**
**Reykjanesbær**
Tjarnargötu 12
**Skólar ehf.**
Klettatröð 8
**Verkstjórafélag Suðurnesja**
Hafnargötu 15

**Sandgerði**
**Sjávarmál ehf.**
Ásabraut 10
**Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis**
Tjarnargötu 8

**Grindavík**
**BESA ehf.**
Baðsvöllum 7
**Einhamar Seafood ehf.**
Verbraut 3a
**Marver ehf.**
Stafholti
**Sílfell ehf.**
Skipastíg 13

**Mosfellsbær**
**Hýsi - Merkúr hf.**
Völuteigi 7
**Nonni litli ehf.**
Þverholti 8

**Akranes**
**Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar**
Smiðjuvöllum 15
**Runólfur Hallfreðsson ehf.**
Álmskógum 1
**Skaginn hf. - Þorgeir og Ellert**
Bakkatúni 26
**Spölur ehf.**
Hvalfjarðargöng

**Borgarnes**
**Loftorka í Borgarnesi ehf.**
Engjaási 2

**Hellissandur**
**Snæfellsbær**
Klettsbúð 4

**Grundarfjörður**
**Guðmundur Runólfsson hf.**
Sólvöllum 2

**Stykkishólmur**
**Marz sjávarafurðir ehf.**
Aðalgötu 5
**Þórsnes ehf.**
Reitavegi 14-16

**Búðardalur**
**Dalabyggð**
Miðbraut 11

**Reykhólahreppur**
**Þörungaverksmiðjan**
Reykhólum

**Patreksfjörður**
**Oddi hf. fiskvinnsla-útgerð**
Eyrargötu 1

**Tálknafjörður**
**Þórsberg hf.**
Strandgötu 25

**Bíldudalur**
**GSG vörubílaakstur-trésmíði ehf.**
Kríubakka 4

**Suðureyri**
**Fiskvinnslan Íslandssaga hf.**
Freyjugötu 2

**Bolungarvík**
**Bolungarvíkurkaupstaður**
Aðalstræti 12
**Endurskoðun Vestfjarða ehf.**
Aðalstræti 19
**Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur**
Hafnargötu 37

**Ísafjörður**
**Orkubú Vestfjarða ohf.**
Stakkanesi 1

**Súðavík**
**Súðavíkurhreppur**
Grundarstræti 3

**Hólmavík**
**Hólmadrangur ehf.**
Kópnesbraut 2

**Blönduós**
**Húnavatnshreppur**
Húnavöllum

**Sauðárkrókur**
**Fisk-Seafood hf.**
Háeyri 1
**Iðnsveinafélag Skagafjarðar**
Sæmundargötu 7

**Ólafsfjörður**
**Árni Helgason ehf. vélaverks.**
Hlíðarvegi 54
**Norlandia ehf.**
Múlavegi 3
**Sjómannafélag Ólafsfjarðar**
Brekkugötu 9

**Dalvík**
**Tréverk ehf.**
Grundargötu 8-10

**Akureyri**
**Félag málmiðnaðarm. Akureyri**
Skipagötu 14
**Höldur ehf. bílaleiga**
Tryggvabraut 12
**Orlofsbyggðin Illugastöðum**
Fnjóskadal
**Sjómannafélag Eyjafjarðar**
Skipagötu 14
**Skútaberg ehf.**
Sjafnarnesi 2-4

**Grenivík**
**Frosti ehf.**
Melgötu 2

**Húsavík**
**Framsýn, stéttarfélag**
Garðarsbraut 26

**Mývatn**
**Jarðböðin við Mývatn**
Jarðbaðshólum

**Þórshöfn**
**Fagus hf.**
Unubakka 20
**Geir ehf.**
Sunnuvegi 3

**Vopnafjörður**
**Sláturfélag Vopnfirðinga hf.**
Hafnarbyggð 8

**Egilsstaðir**
**Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.**
Einhleypingi 1

**Seyðisfjörður**
**Gullberg hf. útgerð**
Langatanga 5
**Seyðisfjarðarkaupstaður**
Hafnargötu 44

**Neskaupstaður**
**Fjarðanet hf.**
Strandgötu 1

**Eskifjörður**
**Egersund Ísland ehf.**
Hafnargötu 2

**Fáskrúðsfjörður**
**Loðnuvinnslan hf.**
Skólavegi 59

**Höfn í Hornafirði**
**Skinney-Þinganes hf.**
Krossey
**Sveitafélagið Hornafjörður**
Hafnarbraut 27
**Vélsmiðja Hornafjarðar ehf.**
Álaugarvegi 2

**Selfoss**
**Ræktunarsamband Flóa og Skeiða**
Gagnheiði 35

**Hveragerði**
**Garðyrkjustöð Ingibjargar**
Heiðmörk 38

**Ölfus**
**Eldhestar ehf.**
Völlum

**Þorlákshöfn**
**Fiskmark ehf.**
Hafnarskeiði 21
**Frostfiskur ehf.**
Hafnarskeiði 6

**Vestmannaeyjar**
**Bergur – Huginn ehf.**
Básaskersbryggju 10
**Ísfélag Vestmannaeyja hf.**
Strandvegi 28
**Narfi ehf.**
Eiði 12
**Sjómannafélagið Jötunn**
Skólavegi 21b
**Teiknist. Páls Zóphóníassonar ehf.**
Kirkjuvegi 23
**Vinnslustöðin hf.**
Hafnargötu 2
**Vöruval ehf.**
Vesturvegi 18

wise
- snjallar lausnir

# Fullbúin viðskiptalausn í áskrift
# Microsoft Dynamics NAV



**dynamics nav í áskrift**

## Office 365

Aðgangur að Office 365 fylgir með Microsoft Dynamics NAV í áskrift.*

## Microsoft Azure

**Hýsing og afritun innifalin**

Azure skýjaþjónusta Microsoft er eitt öruggasta og öflugasta gagnaver í heimi.

## viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

**Wise sérlausnir:**

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

**Hýsing og afritun í Microsoft Azure**
**Office 365 fylgir með NAV í áskrift***

kr. **9.900** pr. mán. án vsk

## viðskiptalausnir 2

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

**Wise sérlausnir:**

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtukerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga
- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

**Hýsing og afritun í Microsoft Azure**
**Office 365 fylgir með NAV í áskrift***

kr. **17.900** pr. mán. án vsk

Wise býður eitt mest selda bókhaldskerfi landsins
í mánaðarlegri áskrift - NAV í áskrift.

Lágmarkaðu kostnaðinn og kynntu þér málið

**www.navaskrift.is**

**Wise lausnir** ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

Microsoft Dynamics™ NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

* gildir til 30. 06. 2017


TRAUST SAMBAND
Rafiðnaðarsamband Íslands er landsamband átta aðildarfélaga í rafiðnaði með um 5.000 félagsmenn.
Stöndum vörð um okkar rétt!
RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.
Sjúkrasjóður RSÍ styður dyggilega við félagsmenn og fjölskyldur þeirra.
RSÍ á og rekur 42 orlofshús og íbúðir á 13 stöðum á landinu, stórt tjald- og útivistarsvæði auk tveggja íbúða á Spáni.
RSÍ býður upp á eftirmenntun í Rafiðnaðarskólanum.
RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS | STÓRHÖFÐA 31 | SÍMI 580-5200 | RAFIS.IS